



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. desember 2004

2004060473/44.01/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um græðara

Vísað er í bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 22. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Vísað er einnig til hjálagðs bréfs Landlæknisembættisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 24. september þar sem gerðar voru athugasemdir við frumvarpsdrög. Nokkuð af þeim athugasemdum hafa nú ratað í frumvarpið.

Frumvarpið hefur þann tilgang að koma upp skráningu, eftirliti og tefla fram menntunarskilyrðum fyrir græðara eða þá sem leggja stund á óhefðbundna meðferð. Ástæða er til að lýsa nokkrum efasemdum um hvort það takist í reynd, ekki síst vegna þess að samkvæmt lista yfir þá sem frumvarpið fengu til umsagnar má sjá tvö félög höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara og tvö félög þeirra sem sinna svonefndri svæðameðferð. Eins og reyndar kemur fram í frumvarpinu er hér um að ræða þjónustu eða meðferð sem stendur utan við heilbrigðisþjónustu eins og hún er skilgreind. Vinnuáðferðir byggja sjaldnast á vísindalegri nálgun og eru ekki gagnreyndar (evidence based) nema með örfáum undantekningum sem einkum snúa að nálarstungum. Sá hópur fólks sem myndi falla undir hugtakið græðari hér á landi er mjög breiður og ólíkur og spannar allt frá fólki sem leggur stund á nudd og nálarstungur með skilgreindum árangri til fólks sem telur sig geta greint vandamál með því að horfa í lithimnur augna.

Eigi að síður er lagafrumvarpið gott skref til að stýra framboði þeirrar þjónustu sem fellur undir óhefðbundna meðferð og gera a.m.k. lágmarkskröfur um menntun. Hins vegar verður að vera mjög skýr munur á læknávisindum og heilbrigðisþjónustu sem byggir á þekkingu og vísindalegri nálgun og því sem hér um ræðir. Án þekkingar og vísinda væri nútímaheilbrigðisþjónusta ekki til.

Landlæknisembættið gerir nokkrar athugasemdir við frumvarpið:

1. gr. Lagt er til að í 1. málsg. segi: “að *stuðla* að gæðum þjónustunnar” í stað “að *tryggja* gæði þjónustunnar.” Gæði þjónustu, ekki síst þeirrar sem hér um ræðir, er útilokað að tryggja.

2. gr. Gerðar eru athugasemdir við orðalagið “almennt heilbrigðiskerfi.” Hér er væntanlega átt við það sem við köllum venjulega heilbrigðisþjónustu hér á landi. Ennfremur eru gerðar athugasemdir við notkun hugtaksins “heilsutengd þjónusta.” Í málskilningi landsmanna er hér átt við “óhefðbundna meðferð” sem er hin venjubundna þýðing á “alternative eða complementary medicine.” Ennfremur er ljóst að þeir sem leggja stund á óhefðbundna meðferð,

græðarar, sinna bæði andlegum og líkamlegum einkennum fólks, og reyndar ekki síst einkennum sem rekja má til andlegs ástands og telja má sálíkamleg (psychosomatic). Þeir sinna því ekki einungis meðferð “á líkama einstaklings” eins og segir í 2. málsg. Ennfremur er skilgreining orðsins “heilun” nokkuð á reiki. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri málstöð er heilun “aðferð til að hjálpa líkamanum til að lækna sig sjálfur, orkuflæði líkamans lagfært með handayfirlagningu og fleira.” Heilun er orð sem þarna er notað af þeim sem leggja stund á óhefðbundna meðferð og er þar ýmsum aðferðum beitt, allt frá samræðum og samhygð yfir í beitingu hvers kyns aðferða eins og kristalla, handayfirlagningar og fleira. Heilbrigðisstarfsfólk notar orðið sem nálgun á heildstæðri meðferð sjúklinga með skilgreinda sjúkdóma þar sem reynt er að tefla fram hvoru tveggja, traustri, faglegrí nálgun með réttum tæknilegum lausnum og humanioru heilbrigðisþjónustunnar, samhygð, stuðningi og þeim skilaboðum til sjúklings að heilbrigðisstarfsmaðurinn ali önn fyrir honum og sé ekki sama um hann. Óvíst er því hvort heppilegt sé í lögum að nota orð sem er jafnerfitt til skilgreiningar.

Lagt er því til að 2. gr. hljóði svo: “Með orðinu græðari í lögum þessum er átt við þá sem leggja stund á óhefðbundna meðferð og þjónustu utan heilbrigðisþjónustunnar. Með óhefðbundinni meðferð græðara er átt við þjónustu sem einkum tíðkast utan heilbrigðisþjónustunnar og byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Slík þjónusta felur m.a. í sér meðferð einstaklings með það að markmiði að efla heilsu hans, lina þjáningar og draga úr óþægindum.”

3. gr. Ástæða er til að binda í lög ákvæði um að uppfylli græðari ekki lengur skilyrði fyrir skráningu í samræmi við lögina skal Bandalag íslenskra græðara taka hann af skrá. Er þetta hið sama og fram kemur í 8. gr. draga að reglugerð. Ekki er síður ástæða til að lögbinda þetta ákvæði en ákvæði um að unnt sé að taka fagfélagið allt af skrá.

Ennfremur verður að spyrja að því hvort almenningur geti gert greinarmun á skráðum græðurum og öðrum græðurum óskráðum. Lagt er því til að aðrir megi ekki kalla sig græðara en þeir sem skráðir hafa verið hjá Bandalagi íslenskra græðara eða uppfylli kröfur sem gerðar eru til skráningar.

4. gr. Engar athugasemdir.

5. gr. Engar athugasemdir.

6. gr. Engar athugasemdir.

7. gr. Gerðar eru athugasemdir við það að alvarlegir sjúkdómar skuli einungis meðhöndlaðir af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Í 1. málsgrein 7 gr. Segir að “meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skuli einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum.” Ekki verða séð rök fyrir því að stigþrepa sjúkdóma á þennan hátt, skilgreining alvarlegra sjúkdóma er á reiki og er oft á tíðum mjög huglægt ástand. Fleiri sjúkdómar eru alvarlegir en þeir sem leiða til dauða eða valda örskumlum og langvinnu skilgreindu heilsutjóni. Í ljósi núverandi lagaákvæða í læknaögum og ílögum um aðrar heilbrigðisstéttir auk ákvæða í lögum um réttindi sjúklinga virðist vera full rök fyrir því að sé einstaklingur með skilgreindan sjúkdóm (sjúklingur) og óski eftir þjónustu græðara skuli því til hans beint að hafa samráð við lækni sinn. Ekki þarf að minna á að ýmislegt af því sem græðarar bjóða upp á, ekki síst ýmis konar náttúrulyf, geta haft alvarlegar milliverkanir við lyf og fleiri dæmi mætti telja til.

Því er lagt til að 1. og 2. málsg. 7. gr. hljóði svo: “Meðferð vegna sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Óski sjúklingur eftir þjónustu græðara skal hann hafa

samráð við lækni. Græðari skal fullvissa sig um að samráð hafi átt sér stað. Græðurum er óheimilt að veita þjónustu sem fylgir áhætta fyrir heilsu sjúklings.”

Seinni tvær málsgreinarnar eru mjög af hinu gróða.

Í 5. málsg. 7. gr. er heilbrigðisstofnunum veitt heimild til þess að koma til móts við sjúklinga sem vilja nýta sér þjónustu græðara, sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Að sjálfsögðu getur stofnun ekki haft athugasemdir við það að græðari komi til sjúklings að hans ósk, sé öðrum ákvæðum laganna uppfyllt, græðarinn getur auðveldlega gert það í heimsóknartíma til sjúklingsins. Sé það hins vegar gert á forsendum stofnunarinnar þarf að vera ljóst hver greiðir fyrir þjónustuna, stofnunin eða sjúklingurinn. Í þeim tilvikum er einnig nauðsynlegt að kveðið sé á um að þjónusta græðarans sé skráð í sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnununni. Ástæða er til að koma því fyrir í lögnum.

8. gr. Engar athugasemdir.

9. gr. Engar athugasemdir.


10. gr. Engar athugasemdir.

11. gr. Engar athugasemdir.

Að lokum eru gerðar athugasemdir við það álit fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að eftirlit með græðurum verði aðeins lítilsháttar. Líklegt er að eftirlitið verði talsvert, ekki síst vegna þess að oft er um lítt skilgreind verk að ræða, sem oft eru tengd tilfinningum og síður vísindalegri þekkingu. Líklegt er því að oft skerist í odda með mönnum og þurfi því skarpt og tímafrekt eftirlit sem eigi eftir að útheimta talsverðan kostnað.

Landlæknisembættið vonar að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda við frumvarpið og er að sjálfsögðu fúst til viðræðna um það.

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
b.t. Ragnheiðar Haraldsdóttur, skrifstofustjóra
Vegmúla 3
150 Reykjavík

AFRIT

Seltjarnarnesi, 24. september 2004
2004060473/44.01/SG/VI/hp

Efni: Drög að frumvarpi til laga um græðara og drög að reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara.

Með bréfi dags. 14. júlí 2004, barst Landlæknisembættinu til umsagnar drög að frumvarpi til laga um græðara. Erindinu var svarað með bréfi Landlæknisembættisins, dags. 4. ágúst 2004, og voru í því bréfi ekki gerðar athugasemdir við frumvarpsdrögin. Nú hefur Landlæknisembættið skoðað málið aftur og vill í bréfi þessu koma með nokkrar ábendingar varðandi frumvarpsdrögin.

Drög að frumvarpi til laga um græðara

1. grein
Skilgreiningar

1. gr. 1. málsg. “orðið græðari”

Landlæknisembættið hefur ekki athugasemdir við notkun á orðinu græðari, en telur hins vegar að ekki sé tryggt að almenningur geri greinarmun á því hvað er græðari og hvað er skráður græðari. Því veltir Landlæknisembættið því fyrir sér hvort ekki væri hægt að lögbinda heitið græðari þótt starfsemin sé ekki lögbundin. Með því móti mættu þeir einir sem værur skráðir kalla sig græðara.

1. gr. 1. málsg. “utan hins almenna heilbrigðiskerfis”

Landlæknisembættið veltir fyrir sér hvað sé hið almenna heilbrigðiskerfi og þá hvað sé annað heilbrigðiskerfi sem ekki er þá almennt. Er það hið sérhæfða eða t.d. einkarekin heilbrigðisþjónusta? Má þar t.d. nefna lækna sem ekki eru á samningi við Tryggingastofnun ríkisins eða aðrar heilbrigðisstéttir sem vinna sjálfstætt en almannatryggingar taka ekki þátt í kostnaði við starfsemi þeirra.

1. gr. 2. málsg. “heilsutengd þjónusta”

Engin skilgreining er í lagatextanum um það hvað er heilsutengd þjónusta. Að mati Landlæknisembættins er hugtakið mjög vítt og getur átt við m.a. flutning á fólki, t.d. fötluðu, sölu á hollum matvörum o.fl.

Þá telur Landlæknisembættið að skilgreining á heilsutengdri þjónustu græðara sé ekki nákvæm og þjónustu græðara þyrfti þá að skýra miklu nánar. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er skýrt út hvað átt er við með heilsutengdri þjónustu græðara og telur landlæknir að ef aðilar geta fallist á þá skilgreiningu ætti hún betur heima inni í lögnum en ekki eingöngu í athugasemdum við frumvarpið.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið var í þingsályktun um stöðu óhefðbundinna lækninga, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002, fjallaði um að verkefni nefndarinnar, sem Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, skipaði í kjölfar ályktunarinnar, væri m.a. að skilgreina hugtakið óhefðbundnar lækningar. Landlæknisembættið telur að mörgu leyti eðlilegra að nota hugtakið óhefðbundin meðferð en að nota heilsutengd þjónusta græðara.

3. gr.

Skráningarkerfi

Í 3. gr. er fjallað um frjálst skráningarkerfi græðara. Þar er kveðið á um að skráningarkerfi skuli vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara og að þeir annist skráningu einstakra græðara, sem í öllum tilvikum verða að vera félagar í fagfélagi sem aðild á að skráningarkerfinu.

Aðkoma heilbrigðisyfirvalda, þ.e. heilbrigðisráðherra og landlæknis, varðar eingöngu félögin sem geta átt aðild að skráningarkerfinu og það að ráðherra setur reglugerð um kröfur sem fagfélögin þurfa að uppfylla. Í þessari grein lagafrumvarpsins segir einnig að ef fagfélag uppfylli ekki lengur þær kröfur sem reglugerðin kveði á um þá geti ráðherra ógilt aðild þess, þ.e. félagsins að skráningarkerfinu. Hins vegar er ekkert kveðið á um aðkomu ráðherra eða landlæknis að því ef einstaklingur uppfyllir ekki kröfurnar sem reglugerðin kveður á um. Þá þykir Landlæknisembættinu eðlilegt að í skráningarkerfinu kæmi fram hvaða meðferð viðkomandi græðari ætlar að veita.

6. grein

Aðgerðir eða meðferð, sem getur haft í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilsu manna

Í 6. grein 2. málsg. er fjallað um að aðeins löggiltu heilbrigðisstarfsfólki sé heimilt að gera aðgerðir eða veita meðferð sem fylgir alvarleg áhætta fyrir heilsu sjúklings. Landlæknisembættinu er kunnugt um að sum meðferð sem græðarar hafa fram að þessu verið að veita hefur haft alvarlega áhættu í för með sér.

Þá vill Landlæknisembættið taka fram að nauðsynlegt væri einnig að geta um það í lögnum að græðurum sé óheimilt að ráðleggja fólki að hætta meðferð sem það hefur hafið hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki.

7. gr.

Starfsheiti og kynning

Í 2. málsg. er kveðið á um að heilbrigðisráðherra muni setja með reglugerð fyrirmæli um kynningar og auglýsingar á starfsemi þeirra sem stunda heilustengda þjónustu. Virðist sem hér sé um víðara hugtak að ræða en heilsutengda þjónustu græðara.

Ný grein

Græðarar mega ekki á stofum sínum veita aðra þjónustu en þá sem fram kemur í frjálsu skráningarkerfi græðara að þeir stundi.

Ný grein

Verði græðari þess var að skjólstæðingur sé með vandamál sem fellur utan starfssviðs græðara eða meðferðin hafi ekki borið tilætlaðan árangur ber honum að vísa skjólstæðing til læknis.

Drög að reglugerð um frjálst skáningarkerfi fyrir græðara

1. gr.

Tilgangur

Í 1. gr. er sagt að skáningarkerfi fyrir græðara sé ætlað að stuðla að öryggi og tryggja réttindi allra sem nýta sér þjónustu þeirra.

Landlæknisembættið sér ekki hvernig skáningarkerfið getur tryggt réttindi almennings, þó það vissulega gefi þeim sem nýta sér þjónustu græðara ákveðnar upplýsingar.

6. gr.

Skyldur græðara með skáð starfsheiti

1. töluliður:

Ekki er skýrt hverjum ber að senda staðfestingu í samræmi við ákvæði 2. töluliðar 5. gr.

Er það til heilbrigðisyrivalda eða til Bandalags íslenskra græðara? Ef það er til Bandalags íslenskra græðara hefði verið eðlilegra að það kæmi fram í 2. tölulið.


8. gr.


Afturköllun skráningar

Í 8. gr. er fjallað um afturköllun skráningar. Þar er sagt að Bandalag íslenskra græðara geti tekið einstakling af skrá og afskráningin sé kæránleg til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Einnig kemur fram í reglugerðinni að ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi geti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fengnum tilmælum landlæknis eða Bandalags íslenskra græðara ákveðið að græðari skuli tekinn af ská, enda þótt skilyrði fyrir skáningu sé fullnægt. Þetta gildir ef græðari brýtur gegn lögum um græðara eða aðhefst eitthvað annað í starfi sem andstætt er góðum starfsháttum. Í drögum að frumvarpi til laga um græðara er hins vegar ekkert getið um aðkomu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis né landlæknis að einstökum græðurum.

Það er von Landlæknisembættisins að drög að frumvarpi til laga um græðara og drög að reglugerð um frjálst skráningakerfi græðara verði endurskoðað með hliðsjón að fyrrgreindum athugasemdum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson,
landlæknir


Vilborg Ingólfssdóttir,
yfirhjúkrunarfræðingur